

Stjórnarfundur í stjórn ÆSKP 18. júlí 2014.

Mætt eru Guðrún Karls Helgudóttir, Sigurvin Lárus Jónsson, Elmar Freyr Árnason, Guðmundur Karl Einarsson, auk framkvæmdarstjóra Evu Björk Valdimarsdóttur

Fyrsta mál:

Landsmót 2014.

Tæknimál: Magnús Magnússon landsmótsstjóri er búinn að finna tæknimann á staðnum. Elmar Freyr er tilbúinn að taka að sér tæknimál á Landsmóti.

Guðrún Helga Magnúsardóttir hefur gefið kost á sér í nefndinni.

Póra Björg Sigurðardóttir hefur tekið að sér að sjá um hæfileikakeppni.

Hafþór Freyr Líndal ætlar að vera í nefndinni og sjá um sjoppu og upplýsingaborð.

Sigurvin sér um fræðslu á mótinu:

Landsmót ÆSKP hafa stefnt að því undanfarin ár að fræðsla mótsins haldist í hendur við það verkefni sem safnað er fyrir á mótinu. Í ár verður valið verkefni sem fellur undir alnæmisverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar, en Hjálparstarfið á aðild að fjölda verkefna sem stuðla að forvörnum, aðhlynningu og stuðningi við alnæmissjúka og börn sem misst hafa foreldra af völdum sjúkdómsins.

Markmið fræðslunnar verður að fjalla um kynhegðun og kynheilbrigði á léttum nóttum með það fyrir augum að hvetja ungmenni til að taka ábyrgð á kynhegðun sinni. Tæpt verður á álitamálum í kynlífi á borð við klámmenningu, kynferðisofbeldi og notkun getnaðarvarna og í kjölfarið verður boðið upp á umræðu og ráðgjöf fyrir þau sem þess æskja.

Talað verður við Þorbjörgu hjá barnahúsi um samstarf varðandi fræðsluna, auk fagaðila sem sinnir kynfræðslu.

Rætt var um tillögur að fólki til að taka að sér vaktaplan, hópastarf, Karneval.

Magnús er að ræða við kvenfélög sóknanna um að sjá um mat.

Sundlaugin ætlar að hafa opið fyrir okkur á meðan á mótinu stendur.

Stefnt verður á að fara á Hvammstanga í lok ágúst.

Gert var hlé á fundi til að ræða símleiðis við Magnús Magnússon á Hvammstanga.

Símtal við sr. Magnús:

Styrkjamál. Magnús fundaði með oddvita og varaoddvita. Sveitarfélagið leggur til skólana, félagsmiðstöð og íþróttahúsið.

Styrkir:

Kaupfélagið

Landsbankinn

Sláturhúsið

Héraðssjóður styrkir mótið um 200.000 kr

Magnús stefnir því á að heildarstyrkir verði 500.000 kr.

Kvenfélögin annast matinn fyrir 6.500 kr á þátttakanda.

Í hádeginu á sunnudag verða bakaðir pizzasnúðar.

Gert ráð fyrir að rútubílstjórar og mótsnefnd gisti á Laugabakka.

Gunnar Ægir Björnsson mun líklega annast tæknimál.

Mögulega verða launin hans greidd af Tengli.

2. Gleðigangan.

ÆSKP tekur þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 9. ágúst n.k.

Sigurvin tekur að sér að skrifa grein fyrir tru.is. Krakkarnir munu bera skilti sem stendur á: Það sem Jesús sagði um samkynhneigð „ ” og Við trúm á fordómalausan Guð. Föstudagskvöldið 8. ágúst verður kvöldfræðsla í Neskirkju um Biblíuna og samkynhneigð og þá verður gangan undirbúin.

3. Kirkjuþing 2014 hefur verið tímasett sömu helgi og Landsmót ÆSKP er haldið. Formaður hefur gert athugasemd við tímasetningu kirkjuþings og óskað eftir því henni verði breytt.

4. Fundi slitið.